

Reglur um sérstakar húsaleigubætur í Sveitarfélaginu Hornafirði

1. gr.

Tilgangur sérstakra húsaleigubóta

Sérstakar húsaleigubætur eru fjárstuðningur sem ætlaður er til viðbótar við almennar húsaleigubætur í þeim tilgangi að aðstoða fjölskyldur og einstaklinga sem vegna lágra tekna eða félagslegra erfiðleika eiga erfitt með að verða sér úti um húsnæði.

Sérstakar húsaleigubætur eru greiddar skv. reglum þessum að uppfylltum skilyrðum 2. gr. regnanna og eru greiddar út óháð því hvort um er að ræða leiguhúsnæði sveitarfélagsins eða almennt leiguhúsnæði.

2. gr.

Skilyrði fyrir því að umsókn verði metin gild

Við vinnslu umsóknar skal leita upplýsinga m.a. um félagslegar aðstæður, lögheimili, tekjur og eignir. Umsækjandi þarf að uppfylla öll eftirfarandi skilyrði til að umsókn öðlist gildi.

- A. Umsækjandi hefur ekki möguleika á því að kaupa eigið húsnæði.
- B. Umsækjandi uppfyllir öll skilyrði um almennar húsaleigubætur og hefur sótt um þær.
- C. Umsækjandi á lögheimili í Sveitarfélaginu Hornafirði þegar sótt er um og hefur átt lögheimili þar a.m.k. síðustu 18 mánuði samfleytt áður en umsókn berst.
- D. Umsækjandi uppfylli eftirfarandi skilyrði um tekju- og eignamörk. Skilgreining tekna er sú sama og vegna fjárhagsaðstoðar.

- A. Tekjuviðmið er grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar uppreiknuð miðað við fjölskyldustærð skv. reglum sveitarfélagsins um fjárhagsaðstoð. Allar upphæðir eru fyrir skatta. Tekjumörk fyrir einstakling eru 1,5 grunnfjárhæð nú kr. 2.539.512,- á ári.
- B. Tekjumörk 2ja manna fjölskyldu eru 1,5 grunnfjárhæð X 1,6, fyrir 3ja manna fjölskyldu 1,5 grunnfjárhæð X 1,8 o.s.frv.
- C. Eignamörk eru tvöföld grunnfjárhæð á ári nú kr. 3.386.016,-. Heimilt er að taka tillit til skuldastöðu/greiðslubyrði umsækjanda.
- D. Umsækjendur skulu vera orðnir 18 ára á umsóknardegi.
- E. Umsækjandi býr við félagslega erfiðleika skv. mati starfsmanns félagsmálaráðs.

3. gr.

Undanþágur frá skilyrðum

Heimilt er að veita undanþágu frá skilyrðum 2. gr. um lögheimili og tekjuviðmið við eftirfarandi skilyrði:

Undanþága frá lögheimili:

1. Umsækjandi hefur búið í Sveitarfélaginu Hornafirði stóran hluta ævinnar en flutt tímabundið úr sveitarfélaginu vegna húsnæðisvanda, náms eða vinnu.
Undanþága frá lögheimili og/eða tekjuviðmiði:
2. Umsækjandi er samkvæmt mati starfsmanns félagsmálaráðs Hornafjarðar í mjög miklum félagslegum erfiðleikum.

Umsóknir um undanþágur skulu vera skriflegar þar sem gerð er grein fyrir ástæðu undanþágubeiðni. Félagsmálaráð Hornafjarðar úrskurðar um undanþágur.

4. gr.

Fjárhæð

Sérstakar húsaleigubætur eru reiknaðar sem ákveðið hlutfall af almennum húsaleigubótum þannig að fyrir hverjar kr. 1.000,- fær leigjandi kr. 1.000,- í sérstakar húsaleigubætur.

Húsaleigubætur og sérstakar húsaleigubætur geta aldrei numið hærri fjárhæð en samtals kr. 65.000,- og aldrei farið yfir 75% af leigufjárhæð.

Sérstökum húsaleigubótum verður ekki beitt til að greiða niður húsaleigu umfram það viðmið að leigjandi beri kr. 35.000 í kostnað af húsaleigu.

5. gr.

Upplýsingar um aðstæður

Viðtakandi sérstakra húsaleigubóta skal strax gera grein fyrir öllum breytingum sem verða á aðstæðum hans og kunna að hafa áhrif á rétt hans til bótanna.

6. gr.

Endurskoðun greiðslna sérstakra húsaleigubóta

Sérstakar húsaleigubætur eru ákvarðaðar út viðkomandi almanaksár. Viðtakandi sérstakra húsaleigubóta verður að fullnægja öllum skilyrðum 3. gr. allt það tímabil sem ákvörðun um bætur gildir.

Ef skilyrðum er ekki lengur fullnægt verður greiðslu sérstakra húsaleigubóta hætt nema um undanþágu sé að ræða.

8. gr.

Umsóknarfrestir - endurnýjun á umsókn

Umsókn um sérstakar húsaleigubætur gildir fyrir viðkomandi almanaksár, og skal endurnýjuð árlega.

9. gr.

Málsmeðferð

Meðferð máls er skv. ákvæðum XVI. og XVII. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 140/1991 og ákvæði laga um húsaleigubætur nr. 138/1997.

Umsóknir skulu berast á þar til gerðum eyðublöðum. Öflun gagna og upplýsinga skal unnin í samvinnu við og með vitund umsækjanda.

Umsóknir sem berast fyrir 15. dag mánaðar skulu afgreiddar fyrir næstu mánaðarmót og skal niðurstaða kynnt umsækjanda.

Sé umsókn hafnað skal umsækjandi fá skriflegt svar þar sem ákvörðun er rökstudd með skýrum hætti með vísan í viðeigandi ákvæði þessara reglna. Umsækjandi hefur fjögurra vikna frest til að vísa máli sínu til félagsmálaráðs Hornafjarðar frá því honum barst vitneskja um ákvörðun.

Félagsmálanefnd Hornafjarðar skal í kjölfarið fjalla um umsókn og taka ákvörðun svo fljótt sem unnt er. Ákvörðun félagsmálanefndar skal kynnt umsækjanda skriflega og um leið skal honum kynntur réttur hans til málskots til úrskurðarnefndar félagsþjónustu og húsnæðismála. Skal það gert innan fjögurra vikna frá því umsækjanda barst vitneskja um ákvörðun félagsmálanefndar.

10. gr.

Gildistaka

Reglur þessar taka gildi 1. janúar 2014.

Samþykkt í félagsmálanefnd 10. desember 2013.

Samþykkt í bæjarráði 13. janúar 2014.